



15. stjórnarfundur LH 27. desember 2019 kl. 12.00 - símafundur

Mætt: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Stefán Logi Haraldsson, Eggert Hjartarson og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn. Lilja Björk Reynisdóttir, Siguroddur Pétursson, Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Ólafur Þórisson gjaldkeri úr aðalstjórn, Ómar Ingi Ómarsson og Þórdís Arnardóttir úr varastjórn.

Einnig mætt: Snorri Ólason úr keppnisnefnd.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Íslandsmót 2020

Borist hafa umsóknir frá Geysi annars vegar og sameiginleg umsókn Fáks, Spretts og Sörla hins vegar. Umsókn Geysis felur í sér ósk um að stöðulisti verði inn á Íslandsmót þannig að 30 efstu í öllum hringvallagreinum eigi keppnisrétt og 20 efstu í skeiðgreinum. Keppnisnefnd hefur fjallað um ósk Geysis um stöðulista og leggst gegn henni.

Afgreiðsla: Samþykkt að ganga til viðræðna við Geysi um að halda Íslandsmót með þeim lágmarkum sem keppnisnefnd leggur til. Lárusi, Ágústi, Oddrúnu og Siguroddi falið að semja við Geysi og finna hentuga dagsetningu.

Fundi slitið um kl. 12.30